

Garðabær-Bæjarskrifstofur
b/t Sólveig Helga Jóhannsdóttir
Garðatorgi 7
210 Garðabæ

Reykjavík, 20. nóvember 2019
UST201911-046/A.B.
10.04.02

Efni: Lýsing – Breyting á aðalskipulag Garðabæjar 2016 - 2030 - Norðurnes á Álftanesi

Vísað er til erindis frá sveitarfélaginu Garðabæ er barst 5. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu að tillögu að breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar 2016 – 2030 fyrir Norðurnes á Álftanesi.

Í greinargerð kemur fram að fyrirhuguð breyting nær til stækkunar fyrirhugaðs golfvallar, breytingar á mörkum hverfisverndarsvæðis Bessastaðatjarnar, hesthúsasvæðis og aðstöðu fyrir siglingar á Seylunni, svæði fyrir áhaldahús, og breytt ákvæði um íbúðarsvæði.

Í greinargerð kemur fram að breytingin er háð lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 þar sem skipulagið felur í sér framkvæmd sem fellur undir lög nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum. Þar er um að ræða golfvöll sem skv. lið 12.10 í 1. viðauka laganna fellur í flokk B og ber þar með að tilkynna Skipulagsstofnun, sem úrskurðar um það hvort framkvæmdin skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Bessastaðatjörn

Tillagan gerir ráð fyrir að fyrirhugaður golfvöllur muni stækka og liggja nær Bessastaðatjörn, auk þess liggja svæði 1.07 ÍB og íbúðarsvæði 1.10 íb nærri tjörninni. Umhverfisstofnun telur að tillagan geti haft neikvæð áhrif á lífríki tjarnarinnar og því mikilvægt að það komi fram í tillögunni hvaða leiðir verða farnar til komast hjá neikvæðum umhverfisáhrifum.

Í ritinu „Fuglar á helstu vötnum og mýrlendi í Garðabæ“ frá desember 2017 unnið af Jóhanni Óla Hilmarssyni og Ólafi Einarssyni kemur m.a. fram Bessastaðatjörn er langfuglaauðugasta vatnið í Garðabæ og þar sáust 1260 fuglar þegar mest lét, 2. júlí 2017.

Umhverfisstofnun bendir á að Bessastaðatjörn fellur undir a. lið 1. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. greinarinnar. Skv. 3. mgr. ber að forðast röskun þeirra

náttúruvyrirbæra sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ er lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Umhverfisstofnun leggur áherslu á að það komi fram hvaða leiðir verði farnar til þess að forðast rask tjarnarinnar sbr. 61. gr. náttúruverndarlaga og hvaða valkostir séu skoðaðir. Umhverfisstofnun bendir á að ef tillagan gerir ráð fyrir röskun á tjörninni þurfi að rökstyðja þá ákvörðun og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.

Kasthúsatjörn

Umhverfisstofnun bendir á mikilvæði þess að fjallað sé um í breytingartillögunni hún hafi á einhvern hátt áhrif á verndargildi Friðlandsins og fólkvanginn við Kasthúsatjörn. Skv. 54. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir að „*Ef starfsemi eða framkvæmdir utan friðlýsts svæðis, sem leyfis skyldar eru samkvæmt öðrum lögum, geta haft áhrif á verndargildi friðlýsta svæðisins skal taka mið af því við ákvörðun um veitingu leyfis. Leita skal umsagnar Umhverfisstofnunar áður en leyfi er veitt. Setja má skilyrði til að koma í veg fyrir skaða af starfseminni eða framkvæmdunum á hinu friðlýsta svæði.*

Bakkagróður

Tillagan gerir ráð fyrir að fyrirhugaður golfvöllur liggi að Bessastaðatjörn og Breiðskurði á nokkrum stöðum. Einnig er gert ráð fyrir gönguleið meðfram tjörninni.

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt 62. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir að við vatnsnýtingu og framkvæmdir í eða við vötn skal leitast við að viðhalda náttúrulegum bakkagróðri við ár og stöðuvötn og haga mannvirkjum og framkvæmdum þannig að sem minnst röskun verði á bökkum og næsta umhverfi vatnsins.

Mótvægisáðgerðir

Í greinargerð kemur fram að Bessastaðatjörn og strandlengja hennar nýtur hverfisverndar skv. aðalskipulagi og með stækkun norðurhluta golfvallarsvæðis minnkar verndarsvæðið um 3 ha (svæðið er nú um 347 ha, skerðing um 0,86%). Í greinargerð kemur einnig fram að áform um að hætta við uppbyggingu hesthúsahverfis, hafnar og aðstöðu vegna siglinga nyrst á nesinu sé ákveðið mótvægi við stækkun golfvallar.

Umhverfisstofnun bendir á þann möguleika að stækka jaðarsvæði tjarnarinnar þá sérstaklega við Breiðaskurð og minnka þar með svæði 1.07 ÍP sem liggur að tjörninni sem mótvægisáðgerð sem því nemur. Með því væri hægt að endurheimta votlendi, vernda bakka tjarnarinnar (sbr. 62. gr. nvl. nr. 60/2013) og náttúrulegan gróður og þar með auka líffræðilega fjölbreytileika svæðisins. Umhverfisstofnun vill benda á leiðbeiningaritið, „Um endurheimt votlendis – skipulag og leyfi“ gefið út af Skipulagsstofnun í nóvember 2019. http://www.skipulag.is/media/pdf-skjol/Um_endurheimt_votlendis.pdf

Stjórn vatnamála


Umhverfisstofnun bendir á að nú er að unnið að innleiðingu laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála. Markmið laganna er að vernda vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar. Jafnframt er lögunum ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns og langtímavernd vatnsauðlindarinnar. Lögin taka til yfirborðsvatns og grunnvatns ásamt árósvatni og strandsjó, til vistkerfa þeirra og til vistkerfa sem tengjast þeim að vatnabúskap. Til að ná fram markmiðum laganna skal vinna vatnaáætlun, aðgerðaáætlun og vöktunaráætlun. Áætlað er að vatnaáætlun fyrir Ísland fari í almenna kynningu árið 2021 og taki gildi árið 2022. Settar hafa verið tvær reglugerðir, reglugerð 935/2011 um stjórn vatnamála og reglugerð 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun.

Fyrirhugað áhrifasvæði framkvæmdar sem hér um ræðir hefur eru tjarnir sem hafa vatnshlotsnúmerið 104-10153-Bessastaðatjörn og 104-2283-L Kasthúsatjörn undir stjórn vatnamála. Samkvæmt markmiðum laganna og reglugerðarinnar skulu vatnshlot vera í mjög góðu eða góðu vistfræðilegu ástandi. Unnið er að því að skilgreina gæðabætti og koma á kerfi til að meta ástand vatnshlota. Í vatnaáætlun munu verða sett umhverfismarkmið fyrir vatnshlotin sem miða að því að halda vatnsgæðum góðum.

Virðingarfyllst



Axel Benediktsson
sérfræðingur



Björn Stefánsson
sérfræðingur